



Í lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001 með áorðnum breytingum, er fjallað um aksturs sérútbúinna bifreiða í 10. gr. Þar segir:

**10. gr. Akstur sérútbúinna bifreiða.**

*Samgöngustofa skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.*

Í reglugerð 736/2016 um breytingu á reglugerð 528/2002 um fólksflutning á landi, er 20. gr. reglugerðarinnar breytt og hljóðar svona:

**20. gr. Akstur sérútbúinna bifreiða.**

*Samgöngustofa skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, sem m.a. eru ætlaðar til aksturs utan þjóðvega og eru notaðar í tengslum við ferðaþjónustu. Umsækjandi skal jafnframt hafa almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga frá Samgöngustofu.*

*Til að öðlast leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða þarf bifreiðin að uppfylla eftirfarandi skilyrði:*

- 1. Bifreiðin rúmi ekki fleiri en átta farþega.*
- 2. Bifreiðin falli undir skilgreiningu á torfærubifreið í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.*
- 3. Hjólbarðastærð bifreiðarinnar skal vera að lágmarki 780 mm.*
- 4. Bifreiðin skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til breyttra, sérútbúinna bifreiða í skoðunarhandbók ökutækja, s.s. um slökkvitæki og sjúkrakassa.*
- 5. Bifreiðin skal standast leyfisskoðun árlega.*

*Leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða er einungis veitt til rekstraraðila og skal gilda í fimm ár þó aldrei lengur en sem nemur gildistíma almenna rekstrarleyfisins til fólksflutninga. Leyfið er óframseljanlegt. Ökutæki skulu vera merkt rekstraraðila.*

Eins og kemur fram í reglugerðarákvæðinu, skal sérútbúin bifreið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Ökutækið **uppfylli skilgreiningu torfærubifreiðar** í reglugerð um gerð og búnað ökutækja (merkt í ökutækjaskrá „Torfærubifreið“ í gerðarlýsingu) eða er gerðarviðurkennt sem torfærubifreið (ökutækjaflokkur M1G, N1G, N2G, N3G):

**01.205 Torfærubifreið (G).**

*(1) Skilgreiningar.*

**Fremra frihorn:** Hornið á milli yfirborðs lárétts vegar og plans sem er snertill við framhjólín og snertir ökutækið að neðanverðu framan við framhjól án þess að nokkur fastur hluti ökutækisins gangi í gegnum planið.

**Mið frihorn:** Hornið á milli yfirborðs lárétts vegar og plans sem er snertill við framhjólín aftanverð og snertir lægsta punkt bifreiðarinnar mitt á milli ása án þess að nokkur fastur



hluti ökutækisins, að hliðarvörn undanskilinni, gangi í gegnum planið að viðbættu samsvarandi horni framan við afturhjól.

**Aftara fríhorn:** Hornið á milli yfirborðs lárétts vegar og plans sem er snertill við öftustu hjólin og snertir ökutækið að neðanverðu aftan við afturhjól án þess að nokkur fastur hluti ökutækisins, að afturvörn undanskilinni, gangi í gegnum planið.

(2) Sendibifreið með leyfða heildarþyngd 2.000 kg eða minna og fólksbifreið, með drifi á a.m.k. einum framási og einum afturási og a.m.k. einu læsanlegu mismunadrifi í aflrás, telst vera torfærubifreið ef hún kemst upp 30% halla og a.m.k. fimm af eftirfarandi kröfum eru uppfylltar:

- fremra fríhorn er a.m.k. 25°
- aftara fríhorn er a.m.k. 20°
- mið fríhorn er a.m.k. 20°
- minnsta hæð undir framás er a.m.k. 180 mm
- minnsta hæð undir lægsta punkt milli ása er a.m.k. 200 mm
- minnsta hæð undir afturás er a.m.k. 180 mm.

(3) Sendibifreið með leyfða heildarþyngd meiri en 2.000 kg, hópibifreið með leyfða heildarþyngd 12.000 kg eða minna og vörubifreið I, með drifi á a.m.k. einum framási og einum afturási og a.m.k. einu læsanlegu mismunadrifi í aflrás, telst vera torfærubifreið ef hún kemst upp 25% halla.

(4) Hópibifreið með leyfða heildarþyngd meiri en 12.000 kg og vörubifreið II, með driflæsingu, telst vera torfærubifreið ef hún kemst upp 25% halla og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

- drif er á a.m.k. helmingi hjóla
- fremra fríhorn er a.m.k. 25°
- aftara fríhorn er a.m.k. 25°
- mið fríhorn er a.m.k. 25°
- minnsta hæð undir framás er a.m.k. 250 mm
- minnsta hæð undir lægsta punkt milli ása er a.m.k. 300 mm
- minnsta hæð undir afturás er a.m.k. 250 mm.

- **Hjólbarðastærð** skal vera að lágmarki 780mm. Stærðin skal fundin skv. lið 6.1.5 í stoðriti 6 við skoðunarhandbók.
- Uppfylla kröfur sem gerðar eru til sérútbúinna bifreiða, skv. handbók um gæða- og tæknikröfur sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001, **leyfisskoðun hópibíla**
- Vera útbúin **sjúkrakassa** og **slökkvitæki** eins og um breytta torfærubifreið sé að ræða.